



# ÚTBOÐ

## Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í verkið:

## Leikskóli, Bárugata 22, Þorlákshöfn

Leikskóli á einni hæð fyrir allt að 84 börn og 24 starfsmenn. Botnflötur hússins er 879,8 m². Deildir eru fjórar, koma í pörum og deila með sér fataklefa, listasmiðju, bókasafni og tölvurými. Hver deild er skipt upp í leikstofu, salerniskjarna og hvíldarherbergi. Eldhús er fullútbúið matreiðslueldhús, starfsmannaaðstaða er með sér inngang ásamt því að starfsmenn eru með sér kaffiaðstöðu með kaffieldhúsi, undirbúningsrými, prentrými og salerni. Gert er ráð fyrir möguleika á að stækka leikskólann í 6 deildir fyrir allt að 128 börn á síðari stigum.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 01.09.2025.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér:

https://olfus.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/235ab9d4-9194-4380-a2a9-41f671e5248b

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour.

Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar (mail@ajoursystem.is eða síma 519-1777). Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og er hvattur til að hefja tímanlega vinnu við að skila því inn.

Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11:00 mánudaginn 04. mars 2024**.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt.